

Landsnet hf.  
 Gylfaflöt 9  
 112 REYKJAVÍK

 Reykjavík, 22. júní 2021  
 Tilvísun: OS2021010101/10.5  
 Verknúmer: 435-3100

**Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnets fyrir árið 2020**

Orkustofnun setti Landsneti tekjumörk fyrir árin 2016 – 2020 með bréfi dags. 9. maí 2016. Ákvörðun um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna fyrir árið 2020 lá fyrir með bréf dags. 30. apríl 2019.

Orkustofnun hefur nú lokið uppgjóri tekjumarka Landsnets fyrir árið 2020 á grundvelli 6. mgr. 12. gr. raforkulaga. Uppgerð tekjumörk ásamt tekjum eru sem hér segir:

<b>Tekjur:</b>	<b>Alm. notendur í þús. kr.</b>	<b>Stórnotendur í þús. kr.</b>	<b>Samtals í þús. kr.</b>
Flutningstekjur	5.343.528	9.248.446	14.591.973
Þjónustutekjur	35.131	34.195	69.326
Aðrar tekjur	58.852	77.191	136.044
<b>Samtals tekjur</b>	<b>5.437.511</b>	<b>9.359.832</b>	<b>14.797.343</b>

<b>Tekjumörk (Gjöld):</b>	<b>Alm. notendur í þús. kr.</b>	<b>Stórnotendur í þús. kr.</b>	<b>Samtals í þús. kr.</b>
Rekstrarkostnaður	1.533.142	2.015.148	3.548.290
Viðbótarrekstrarkostnaður	158.273	207.592	365.866
Afskriftir	1.574.720	3.109.616	4.684.337
Arður	2.007.219	4.929.245	6.936.464
<b>Samtals gjöld</b>	<b>5.273.355</b>	<b>10.261.602</b>	<b>14.898.656</b>

	<b>Alm. notendur í þús. kr.</b>	<b>Stórnotendur í þús. kr.</b>
Mismunur [Tekjur - Gjöld]	164.157	-901.771
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur færðar á milli ára	<b>-38.940</b>	<b>-421.278</b>
Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%)	<b>-0,7%</b>	<b>-4,1%</b>

Tekjuheimildir Landsnets á árinu 2020 eru ofteknar 164.157 þús.kr. fyrir almenna notendur og vanteknar, -901.771 þús.kr. fyrir stórnotendur. Uppsafnaðar tekjuheimildir Landsnets í árslok 2020 eru vanteknar, -38.940 þús.kr. fyrir almenna notendur eða -0,7% af tekjumörkum, og vanteknar -421.278 þús.kr., eða -4,1% af tekjumörkum fyrir stórnotendur.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 og varða gjaldskrármál eða starfssemi sérleyfisfyrirtækja eru kæránlegar til úrskurðanefndar raforkumála. Kæra

til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllt,  
f.h. orkumálastjóra

  
Silja Rán Sigurðardóttir

Yfirverkefnastjóri raforkueftirlits Orkustofnunar

  
Hanna Björg Konráðsdóttir

Lögfræðingur

Fylgiskjöl: UGLN2020C.xlsx